

Bolungarvíkurkaupstaður
Gísli Gunnlaugsson,
byggingarfulltrúi
Aðalstræti 12
415 Bolungarvík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 2. apríl 2013
Tilvísun: UST20130200231/ksj

Deiliskipulagslýsing. Iðnaðarsvæði við Tjarnarkamb.

Vísað er til erindis byggingarfulltrúa Bolungarvíkurkaupstaðar er barst 27. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar um lýsingu fyrir tillögu að deiliskipulagi iðnaðarsvæðis við Tjarnarkamb í Bolungarvík.

Svæðið sem áætluð deiliskipulagstillaga nær yfir, er tæpir 8 ha og er í syðsta hluta þéttbýlisins í Bolungarvík. Svæðið er skilgreint sem iðnaðarsvæði í gildandi aðalskipulagi og er byggt að hluta.

Fjaran


Í greinargerð lýsingar ofangreindrar deiliskipulagstillögu kemur fram að áætlað iðnaðarsvæði liggur að sjó í austri. Einnig kemur fram að fjaran austan svæðisins sé nokkuð nýtt til útivistar. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að aðgengi almennings sé tryggt um ströndina, eða eins og segir í 5.3.2.14. gr í skipulagsreglugerð nr. 090/2013: „Í þéttbýli skal lögð áhersla á að almenningur geti komist að og meðfram vötnum, ám og sjó eftir því sem hægt er á viðkomandi svæði.“ Að mati Umhverfisstofnunar ættu mörk áætlaðs deiliskipulags að vera fjær ströndinni, til að gefa útivistarsvæði meira rými.


Fráveita

Í skipulagsreglugerð er iðnaðarsvæði í skipulagsáætlunum skilgreint sem svæði þar sem fyrst og fremst skal gera ráð fyrir umfangsmikilli iðnaðarstarfsemi eða starfsemi sem er talin geta haft mengun í för með sér, s.s. verksmiðjum, virkjunum, tengivirkjum, veitustöðvum, skólpdælu- og hreinsistöðvum, birgðastöðvum fyrir olíur og móttökustöðvum fyrir úrgang.

Að mati Umhverfisstofnunar þarf í áætluðu deiliskipulagi að gera grein fyrir fráveitu í samræmi við reglugerð nr. 798/1999. Einnig er mikilvægt að gerð verð grein fyrir áætlaðri uppbyggingu fráveitu í samræmi við lög um uppbyggingu og rekstur fráveitna nr. 9/2009.

Virðingarfyllt


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Björn Stefánsson
Sérfræðingur

Skipulagsstofnun

